

Ársfundur Háskólans á Akureyri, 29. október 2014

fundargerð

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn í hátíðarsal skólans N101. Fundarstjóri, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, setti fundinn kl. 14:05 og kynnti dagskrá hans.

1. Ársskýrsla Háskólans á Akureyri kynnt.

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, kynnti ársskýrslu HA 2013. Hann þakkaði fráfaraðandi rektor Stefáni B. Sigurðssyni fyrir vel unnin störf.

Rektor hóf mál sitt á að fara yfir stöðu skólans og það sem áunnist hefði síðustu ár:

- Árið 2013 var skuld skólans við ríkissjóð uppgreidd.
- Mikið var unnið í gæðamálum og lauk því starfi árið 2014, en gæðaráð opinberu háskólanna lauk lofsorði á það innra starf sem hér fór fram vegna þess.
- Þrátt fyrir mikinn niðurskurð og aðhald í rekstri skólans frá hruni hefur nemendafjöldinn aukist jafnt og þétt. Nú eru skráðir 1568 nemendur í skólann og þar með hefur skólinn fullnýtt þann nemendakvóta sem hann fær frá fjármálaráðuneytinu og gæti sá nýi veruleiki verið framundan að takmarka þyrfti á einhvern hátt aðgengi að skólanum.
- Karlar eru í miklum minnihluta nemenda og framundan er það verkefni að reyna að fjölga körlum í háskólanámi og breyta um leið hefðbundinni sýn á hjúkrunarfræði og kennarafræði sem kvennafög. Háskólinn þarf að breikka námsframboð sitt og þá helst í tæknigreinum og reyna með því að höfða til beggja kynja.
- Töluverður hluti fastráðinna kennara fer væntanlega að huga að starfslokum eða minnkuðu starfshlutfalli á næstu árum og eru því umtalsverðar breytingar í starfsmannahaldi framundan. Þarna er um að ræða hóp kennara sem hafa verið frumkvöðlar í uppbyggingu og stefnumótun skólans fram til þessa.
- Mikil þróun hefur verið í tæknimálum skólans, s.s. varðandi fjarkennslu og á bókasafni en þar er nú mikil áhersla lögð á greiðan aðgang að rafrænu efni.
- Árið 2013 var O-hús skólans vígt og ánægjulegt að bygging hússins var kláruð á sama tíma og rekstur skólans var lagfærður.
- Háskólinn á Akureyri fékk grænfánann fyrstur íslenskra háskóla.
- Smávægileg aukning hefur verið á rannsóknarstigum frá árinu 2012 en auka þarf áherslu á rannsóknir og stuðning við þær. Sérstaklega er mikilvægt að ýta undir og styðja frumkvöðlastarfsemi.

Í framhaldi af þessu fór rektor yfir þau málefni sem framundan væru hjá skólanum:

- Klára þarf að vinna úr 40 atriða listanum sem kom út úr gæðastarfinu og mati gæðaráðs opinberu háskólanna.
- Nota á sömu aðferðafræði og notuð var í gæðastarfinu til að móta sóknaráætlun í rannsóknum en þar er þó heilmikið að gerast nú þegar.
- Byggja þarf stefnumótun fyrir skólann árin 2018 – 2023 á þeim atriðum sem koma út úr þessari vinnu.
- Fjárhagur ríkisins, og þar með Háskólans á Akureyri, er ekki nógu öflugur, en hægt er að finna tækifæri fyrir skólann, m.a. í aukinni sókn í rannsóknarsjóði.

- Skólinn þarf að gera sitt í því að leiða stjórnámálönnum það fyrir sjónir að framtíðartækifæri landsins byggist á aukinni menntun.

Rektor lauk svo máli sínu með hvatningunni: „Sækjum fram með raunsæið að leiðarljósi.“

2. Ársreikningur skólans kynntur og horfur næsta árs

Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri Háskólans á Akureyri, fór yfir ársreikning skólans fyrir árið 2013 og horfur þessa árs.

- Tekjur skólans hækkuðu úr rúmum 378 milljónum í 404 milljónir milli ára og munar þar mestu um stöðu rannsóknarprófessors Fridtjof Nansen.
- Laun og gjöld fóru úr rúmum 1.210 milljónum í 1.294 milljónir. Það að tvær nýjar stöður urðu til við skólann og rannsóknarmissemi voru tekin upp að nýju skýrir þessa aukningu að mestu en þessi liður er 70% af kostnaði skólans.
- Heildargjöld skólans fóru úr rúmum 1.758 milljónum í 1.875 milljónir.
- Fjármagnstekjur jukust úr 3,7 milljónum í 5,6 milljónir og framlag ríkisins fór úr 1.392 milljónum í 1.489 milljónir.
- Tekjuafgangur fór úr 15,5 milljónum í 23,6 milljónir sem er meira en reiknað var með.
- Eignir skólans eru 270,2 milljónir og eigið fé fór úr því að vera neikvætt um 20,4 milljónir í 3 milljónir og þar með hefur Háskólinn á Akureyri borgað upp 340 milljóna rekstrarhalla sinn á árunum 2008 – 2013. Þannig að skuld skólans við ríkissjóð er nú að fullu greidd.
- Þegar sagan er skoðuð sést að rekstur skólans var í þokkalegu jafnvægi árin 1987 – 2001 en árin 2001 – 2007 er afkoman mjög neikvæð. Frá 2007 hefur afkoma skólans hins vegar alltaf verið jákvæð, eða að meðaltali í kringum 15 milljóna tekjuafgangur á ári.

Þegar horft er til ársins 2014 eru líkur á um 30 – 40 milljón króna halla. Árið 2013 fékk háskólinn 30 milljónir frá ríkinu sem notaðar voru til að taka aftur upp rannsóknarmissemi en vonir standa til að hægt verði að fá þessa fjárhæð í rannsóknarmissemi aftur inn í fjárukalög fyrir árið 2014.

Ljóst er að miðað við frumvarp að fjárlögum fyrir árið 2015 sem nú liggur fyrir dugar fjármagnið sem þar er gert ráð fyrir til Háskólans á Akureyri ekki fyrir rekstri skólans um munar þar um 23% frá árinu 2008.

Allar úttektir sem gerðar hafa verið varðandi gæði, viðhorf til skólans og rekstur hans sýna að akademískt og fjárhagslega stendur Háskólinn á Akureyri sig vel.

Fyrirspurn – Þorlákur Axel Jónsson, aðjúntkt við kennaradeild, spurði í ljósi þessara upplýsinga og áherslunnar sem rektor lagði á að skólinn sækti stífar í rannsóknarsjóði, hvort tryggt væri að það fé sem þannig fengist færi óskipt í rannsóknir eða hvort eitthvað að því mundi fara í að laga reksturinn.

Svar – Eyjólfur Guðmundsson, rektor, svaraði því að fé sem sótt væri í rannsóknarsjóði ætti að fara í rannsóknir og mætti ekki fara í annað. Fé í rekstur skólans þyrfti að koma annars staðar frá.

3. Gestafyrirlestur: Hvernig býr maður til frumkvöðul?

Hjálmar Gíslason, stofnandi og framkvæmdastjóri DataMarket, hélt gestafyrirlestur sem byggði á reynslu hans af því að stofna fjögur frumkvöðlafyrirtæki einn eða með öðrum. Af þeim hefur þremur gengið nokkuð vel en eitt er hætt.

Hann sagði í stuttu máli að ekki væri hægt að búa til frumkvöðul en hins vegar væru nokkur atriði sem hægt væri að huga að til að ýta undir frumkvöðlastarfsemi. Hitt þyrfti að hafa í huga að frumkvöðlar væru oft fólk sem hætt hefði í námi og því væri mjög mikilvægt að reyna að haga skólafarfi þannig að það flæmi ekki þennan hluta námsmanna frá sér.

Hann nefndi einkum fjögur atriði sem þyrfti að leggja á áherslu:

1. Að vita lítið um margt. – Nemendur þyrftu að hafa kynnst sem flestu og hafa góða þekkingu á mörgum viðfangsefnum en djúpa þekkingu á einhverju einu ákveðnu. Sérfræðingur sem hugsar bara um sitt sérsvið verður aldrei frumkvöðull. Hann nefndi þrennt sem mikilvægt væri að kynna fyrir öllum nemendum: Fjármál og viðskipti, sölumennsku, framkomu og framsögn.
2. Að kynnast fólki. – Í gegnum tengslanetið fá frumkvöðlar tækifæri og kynnast mögulegu samstarfsfólki, væntanlegum starfsmönnum og viðskiptavinum. Mikilvægt er að gefa nemendum tækifæri til að mynda þessi net bæði í skólanum og eins í gegnum ýmis netkerfi. Til dæmis eru ferilskrár nánast á undanhaldi og þau spor sem menn skilja eftir sig á samskiptamiðlum að taka við.
3. Að kynnast fyrirmyndum. – Eftirtektarvert er að áður fyrr voru fyrirmyndir fólks oft frumkvöðlar á borð við Thomas Edison, Wright bræður, Nicolai Tesla o.s.frv. en í dag eru þetta oft íþróttá- eða dægurlagastjórnur. Mikilvægt er að ungt fólk í háskólanámi kynnist fólki sem tekið hefur hugmyndir sínar og gert eitthvað úr þeim, að það sé kynnt fyrir mögulegum fyrirmyndum sem jafnvel geta orðið leiðsögumenn fyrir þetta fólk í framtíðinni.
4. Að gera mistök. – Fólk lærir af mistökum sínum. Við verðum að líta á mistök sem auðlind. Fæstir stofna fyrirtæki og enn færri stofna mörg. Best er að læra af mistökum annarra og þarna er hópur fólks sem hefur gert misstök og er flest reiðubúið að miðla því sem það hefur lært af þeim. Hann nefndi sem dæmi að frumkvöðlafyrirtækið OZ hefði um margt verið gallað og ekki náð markmiðum sínum. Í dag væru samt gífurlega mörg sprotafyrirtæki sem ættu rætur sínar að rekja til OZ og þess starfs sem þar fór fram.

Hann varpaði að lokum fram nokkrum spurningum sem hann hvatti fólk til að velta fyrir sér:

- Er Háskólinn á Akureyri að gera það sem þarf til að búa til frumkvöðla?
- Er Háskólinn á Akureyri að þvælast fyrir frumkvöðlahugsun?
- Á Háskólinn á Akureyri að sinna þessu?

Fyrirspurn – Eyjólfur Guðmundsson, rektor, spurði hvort fjarnemar hefðu e.t.v. forskot þar sem þeir hefðu mögulega lært betur að vinna og mynda tengsl á netinu og hvernig hægt væri að taka á því eðli skólakerfisins að refsa fyrir mistök.

Svar – Hjálmar svaraði því að staðsetning fólks ætti ekki að skipta máli, mikilvægast væri að nemendur fengu tækifæri til að kynnast fólki hvort sem væri í gegnum netið eða á staðnum, jafnvel þyrfti að styðja fjarnema sérstaklega í því. Hann taldi einnig að það væri í lagi að prófa og refsa fyrir misstök en að mikilvægt væri hvernig unnið væri úr misstökum, ekki mætti líta á mælinguna sem refsingu.

Fyrirspurn – Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við kennaradeild, spurði hvað hann teldi að hefði nýst honum best úr skólakerfinu og hvað hann teldi að væri helst frábrugðið þeim undirbúningi sem erlendir kollegar hans hefðu úr sinni skólagöngu.

Svar – Hjálmar sagði að flest hefði nýst sér, sérstaklega hvað námið var vítt. Hann var í almennu náttúrufræðinámi og þar hefði verið mjög vítt námssvið. Mesti munurinn á hans námi og erlendra kollega sýndist honum vera að námið ytra virtist vera agaðra og meiri yfirferð. Þannig væru útlendingar oft komnir lengra í námi en íslenskir jafnaldrar þeirra. Einnig hafði hann það á tilfinningunni að fæstir í Bandaríkjunum nú til dags hættu námi fyrr en í fyrsta lagi eftir College sem væri mikill munur m.v. brottfall á Íslandi. Á Íslandi virtist fólk hins vegar fá meiri tíma til að hugsa og mótast.

Fyrirspurn – Stefán B. Sigurðsson, prófessor á heilbrigðisvísindasviði, spurði hvað Hjálmar teldi að háskólinn gæti gert til að halda í nemendur með hugmyndir sem þeir vilja þróa áfram og hjálpa þeim og þá sérstaklega með tilliti til fjarnema.

Svar – Hjálmar taldi að sama hvort sérnám væri í nýjum greinum eða gömlum væri mikilvægast að hafa það í snertingu við sem breiðasta þekkingu af mörgum sviðum. Reyna þyrfti að hafa kennsluhætti í öllu námi í stöðugri þróun. Hann velti jafnfram fram þeirri spurningu hvort hægt væri að byggja námið upp að einhverju leyti með það í huga að fólk geti elt eigin hugmyndir í því.

4. Veggspjalda- og bókasýning í Miðborg

Klukkan 15:40 þakkaði fundarstjóri rektor, framkvæmdastjóra og Hjálmari fyrir erindi þeirra og fundarmönnum fundarsetuna og kynnti veggspjalda- og bókasýningu í Miðborg þar sem einnig væri boðið upp á veitingar. Fundurinn hélt svo áfram í Miðborg nokkra stund.

Fundarritari, Daníel Freyr Jónsson.